



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Til: Allsherjar- og menntamálanefndar

Frá: Skrifstofu réttinda einstaklinga

2. maí 2024

Efni: Minnisblað um áhrif niðurfellingar 2. mgr. 36. gr. laga um útlendinga á Dyflinnarreglugerðinni, sbr. þingskjal 1084 - 722. mál.

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar 26. apríl sl. var samþykkt með vísan til 51. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, að óska eftir því að ráðuneytið tæki saman minnisblað um hvort og hvernig niðurfelling 2. mgr. 36. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, sbr. 5. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd), stæðist ákvæði Dyflinnarreglugerðarinnar.

Þátttaka Íslands í Dyflinnarsamstarfinu byggir á aðild þess í Schengen-samstarfinu. Ísland samþykkti fyrstu Dyflinnarreglugerðina með tilkynningu til ráðs Evrópusambandsins 6. maí 2003, sbr. auglýsingu nr. 14/2003 sem birt var í C-deild Stjórnartíðinda. Ísland samþykkti gildandi Dyflinnarreglugerð með tilkynningu til ráðs Evrópusambandsins 23. júlí 2013, sbr. auglýsingu nr. 1/2014 sem birt var í C-deild Stjórnartíðinda. Með aðild að Dyflinnarsamstarfinu hefur Ísland skuldbundið sig til að fylgja og virða þær reglur sem felast í reglugerðinni. Með hliðsjón af þessu beita íslensk stjórnvöld sem starfa að útlendingamálum ákvæðum reglugerðarinnar við mat á því hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð umsókna um alþjóðlega vernd sem lagðar eru fram hér á landi, sbr. c-lið 1. mgr. 36. gr. laga um útlendinga.

Í [3. kafla minnisblaðs ráðuneytisins til nefndarinnar](#), dags. 19. apríl sl., er almenn umfjöllun um inntak og gildissvið Dyflinnarreglugerðarinnar. Líkt og þar greinir hefur reglugerðin að geyma skýr ákvæði um tengsl og önnur atriði sem leitt geta til þess að ábyrgð á meðferð umsókna færist á milli aðildarríkja. Í 2. mgr. 36. gr. laga um útlendinga er svo að finna séríslenska málsmeðferðarreglu um *sérstakar ástæður* og *sérstök tengsl* sem bætast við þær skyldur sem Dyflinnarreglugerðin leggur á stjórnvöld. Niðurfelling 2. mgr. 36. gr. laganna, sbr. 5. gr. frumvarpsins, hefði því engin áhrif á áframhaldandi beitingu Dyflinnarreglugerðarinnar.